

**479. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 27. janúar 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Óskað er eftir afbrigði við dagskrá að við bætast eftirfarandi liðir:

Fundargerð Byggingar,-skipulags og umhverfisnefndar og verður sá liður nr 4. einnig bætist við fundargerð Fræðslu,- mennigar,- íþróttar og æskulýðsnefnd og verður sá liður nr 5. Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga, og verður sá liður nr.6. aðrir liðir færast neðar sem því nemur. Einnig kemur inn nýr liður nr. 15. Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. 1501045 - Fundargerð 823 fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. desember 201.

Til kynningar.

2. 1501042 - Fundargerð stjórnar Fjóðrungssambands frá 27. nóvember.

Til kynningar.

3. 1501043 - Fundargerð stjórnar Fjóðrungssambands Vestfirðinga, frá 9. desember.

Til kynningar.

4. 1411011F - Byggingar,-skipulags- og umhverfisnefnd - 6

Tekin er til afgreiðslu Fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar. 6. fundur frá 26. janúar 2015.

Kristinn H. marinósson vék af fundi við afgreiðslu lið 1 og 2 í fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar.

Jón Örn Pálsson vék af fundi við afgreiðslu á lið 3 í sömu fundargerð.

4.1. 1411073 - Umsókn um framkvæmdaleyfi

Tekið fyrir erindi Tungusilungs, dagsett 21. október 2014 þar sem sótt er um leyfi til að reisa 3 fiskeldiskör innan við Eysteinsyrará. Meðfylgjandi er erindi og myndir sem sýna staðsetningu kerjanna ásamt samþykki landeiganda.

Framkvæmdin er byggingarleyfisskyld og þarf því að vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Erindinu er hafnað á grundvelli þess að framkvæmdin er ekki í samræmi við aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu. Áður en hægt er að veita byggingarleyfi þá er nauðsynlegt að gerð verði breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 sem og nýtt deiliskipulag af svæðinu sem lýsir framkvæmdinni og umfangi hennar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar,-skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt með 4 atkv.

4.2. 1501058 - Deiliskipulag - Bæjarvík

Tekið fyrir erindi Bæjarvíkur ehf, skipulagslýsing fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteineyrar Tálknafirði sem Hugsjón ehf vinnur.

Bæjarvík ehf á Tálknafirði óskar eftir heimild til að láta vinna deiliskipulag fyrir athafnasvæði sitt í landi Gileyrar (Landnr 140293) og Eysteineyrar (Landnr. 140291) við Tálknafjörð. Um er að ræða svæði I2 sem skilgreint er sem þorskeldi í aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006 -2018.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir skipulagslýsinguna og að hún verði send til umsagnaraðila og kynnt skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar,-skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt með 4 atkv.

4.3. 1407066 - Deiliskipulag fyrir fóðurstöð í Tálknafirði

Tekið fyrir deiliskipulag fyrir fóðurstöð Fjarðalax, Háanesi (Stóri Laugardalur) í Tálknafirði. Deiliskipulagið var auglýst með athugasemdafresti til 20. desember 2014, engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Umsagnir liggja fyrir frá Samgöngustofu dags. 28.08.2014, Minjastofnun Íslands dags. 25.08.2014 og heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 23.01.2015. Einnig liggur fyrir samþykki Umhverfis- og auðlindaráðuneytis fyrir undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó og vegi, dags. 26.01.2015.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða það skv. 42. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar,-skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt með 4 atkv.

5. 1501005F - Fræðslu-,menningar-,ípróttu-, æskulýðsnefnd - 4

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

6. 1501006 - Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 60.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við samþykkt skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna hluta framkvæmda sveitarfélagsins árið 2014, sem eru m.a. lagfæringar á sundlaug og íþróttahúsi og framkvæmdir við hitaveitu. Enn fremur er verið að fjármagna framkvæmdir samkvæmt samþykktri áæltun fyrir árið 2015, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Indriða Indriðasyni, kt: 180465-4489, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Samþykkt samhljóða.

7. 1501022 - Úttekt á skólastarfi Tálknafjarðarskóla 2014.

Að beiðni sveitarstjórnar var gerð úttekt á Tálknafjarðarskóla. Höfundur skýrslu er Hafsteinn Karlsson, sem starfað hefur sem skólastjóri í grunnskólum í 27 ár og þar af í 9 ár í fámennum skólum. Hafsteinn er með meistarapróf í skólastjórnun og hefur rannsakað kennsluhætti í skólum á Íslandi og Finnlandi.

Skýrsluhöfundur tók saman helstu niðurstöður í skýrslunni og eru þær hér að neðan:

Skólinn býr við ágæta aðstöðu. Húsnæði er snyrtilegt og skólalóðin skemmtileg. Hann er vel mannaður og kennarar eru með breiða menntun. Flestir grunnskólakennaranna eru með kennsluréttindi. Sálfræðingur heimsækir skólann tvisvar á önn og talmeinafræðingur einu sinni á önn. Lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur sinnt kennsluráðgjöf við skólann og leiðbeint við gerð skólanámskrár og námsáætlana, samþættingu og fleira. Það er ótvíræður styrkleiki að hafa svo góðan aðgang að þessum sérfræðingum.

Núverandi skólastjóri er heimamaður og var sjálf nemandi í Tálknafjarðarskóla og þekkir vel til skólans. Forstjóri Hjallastefnunnar er einnig skólastjóri við skólann. Það myndi styrkja stjórnunina í skólanum að hafa aðeins einn skólastjóra sem ber faglega og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rekstraraðila.

Í skólanum er í gangi metnaðarfullt þróunarverkefni um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Lagt er til að skipa t.d þriggja manna verkefnastjórn eða þróunarteymi sem leiddi verkið með skólastjóra. Sveitarstjórn er áhugasöm um skólamál og á að koma faglegu skólastarfi í traustan farveg. Í því skyni hefur hún útvistað rekstri grunnskólans til Hjallastefnunnar. Skólanefnd hefur engu að síður lög bundið eftirlitshlutverk og sveitarstjórn og Hjallastefnan þyrftu að skýra hlutverk sín. Mikilvægt er að skólaráð fundi reglulega og verði virkur samráðsaðili við skólastjóra.

Foreldrar hafa mikinn áhuga á starfi skólans. Huga þarf að því að upplýsingar um skólastarf berist til þeirra með skilum. Upplýsingar um

meðaltalsútkomu í samræmdum prófum hafa ekkert gildi í fámennum skólum. Starfsáætlun Tálknafjarðarskóla uppfyllir efnislega þær kröfur sem gerðar eru í lögum um grunnskóla. Starfsáætlun og skóladagatal þarf að leggja fyrir skólaráð til umsagnar og skólanefnd til samþykktar. Kennsluhættir mótast af annarsvegar af því að Tálknafjarðarskóli er fámennur skóli og hins vegar af skólastefnu sem byggir bæði á Aðalnámsskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Vel hefur tekist að flétta þessar stefnur saman.

Sérhver námsgrein fær sinn stað í stundarskrá og kjarnanámsgreinar fá verulegt vægi. Fjölbreyttum kennsluaðferðum er beitt og nemendur vinna bæði einir að verkefnum og með öðrum. Áhersla er lögð á fjölbreytt vinnubrögð, ólíka nálgun og margskonar úrvinnslu. Með þessu móti er ólíkum þörfum og námsaðferðum nemenda mætt og komið betur til móts við þarfir hvers og eins.

Tálknafjarðarskóli er að vinna skólanámsskrá sína í samræmi við nýja aðalnámsskrá og Hjallastefnuna. Menntamálaráðuneytið gerir ráð fyrir að ný aðalnámsskrá sé að fullu komin í gildi haustið 2015 og skólinn er á áætlun hvað það varðar. Æskilegt er að námsáætlanir liggi fyrir í byrjun skólaárs þannig að foreldrar geti fylgst með þeim strax í byrjun. Í skólanum er kraftmikið og metnaðarfullt þróunarstarf þar sem markvisst er unnið að því að flétta upplýsingatækni inn í nám. Auk þess er umhverfismálum gert hátt undir höfði sem og námi um heimabyggð. Þá er skólinn í alþjóðlegu samstarfi með mikilli þátttöku nemenda. Það er notalegur skólabragur í Tálknafjarðarskóla. Nemendum virðist almennt líða vel og þeir eru virkir og áhugasamir í náminu og halda sér vel að verki. Samband milli starfsfólks og nemenda er gott og virðist einkennast af virðingu og hlýju. Í skólanum er rekið metnaðarfullt starf sem er í stöðugri þróun.

Sveitarstjórn þakkar skýrsluhöfundi fyrir vel unna skýrslu og þær ábendingar sem þar koma fram.
Lagt fram til kynningar.

8. 1501050 - Umsókn um framlengingu á þróunarskólaverkefni Tálknafjarðarskóla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að sækja um framlengingu á þróunarskólaverkefni Tálknafjarðarskóla.
Samþykkt samhljóða

9. 1501053 - Fyrirspurn um áætlaðan útsvarsstofn 2015.

Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.
Samþykkt samhljóða.

10. 1501052 - Námskeið fyrir Fræðslu -og skólanefndir.

Sveitarstjórn samþykkir að greiða kostnað vegna þátttöku aðal og varamanna á námskeiði fyrir skólanefndir sem haldið verður þann 14. febrúar. Sveitarstjórn þakkar fyrir gott boð og tímabært námskeið.
Samþykkt samhljóða.

11. 1501046 - Umhverfissvottunarferli sveitarfélag á Vestfjörðum. Framkvæmdaráætlun 2015-2016.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að undirrita Sameiginlega stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félaglegu tilliti.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að skipa nefnd sem gerir úttekt á stöðu umhverfismála í Tálknafirði með tilliti til sjálfbærrar þróunar. Nefndin starfar í eitt ár og skal hún skila til sveitarstjórnar tillögu að innleiðingu á sjálfbærni eins og þau eru sett fram í Framkvæmdaráætlun 2015-2016. Sveitarstjóra er falið að gera erindisbréf fyrir nefndina og skýra þar út markmið og hlutverk nefndarinnar. Í nefndina eru skipuð, Lilja Magnúsdóttir, skógræðingur formaður, Jón Örn Pálsson, sjávarútvegsfræðingur og Eva Dögg Jóhannesdóttir líffræðingur. Einnig mun sveitarstjóri starfa með hópnum. Samþykkt samhljóða.

12. 1501023 - Tálknafjarðarskóli - Stöðuviðtöl við foreldra um upplifun þeirra á skólastarfi í Tálknafjarðarskóla.

Fært í trúnaðarmálabók.

13. 1309110 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri upplýsti að innleiðing á nýju bókhaldskerfi gengi samkvæmt áætlun. Þó þarf að gera breytingu á innheimtu fasteignagjalda fyrir árið 2015. Fyrsti gjalddagi, sem átti að vera 1. febrúar, verður 1. mars og færast aðrir gjalddagar aftur sem því nemur. Nokkur vinna er framundan við uppgjör ársins 2014. Einnig fór sveitarstjóri yfir stöðu á íbúðabyggingum og lðngarði í Tálknafirði. Unnið er að hönnun á fráveitu sem á að þjóna íþróttahúsi, grunnskóla og tjaldvæði. gert er ráð fyrir þriggja þrepa hreinsun sem mun uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til fráveitumannvirkja á Íslandi og innan ESB. Ný tæki í líkamsrækt eru væntanleg í lok janúar eða byrjun febrúar.

14. 1501049 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, 17. apríl 2015.

Til kynningar.

15. 1501048 - Störf sem undanþegin eru verkfalli - Verkfallslistar.

Til kynningar.

16. 1501047 - Erindi frá Fjórðungssambandi vestfirðinga vegna frumvarps til fjárlaga 2015.

Til kynningar.

17. 1501044 - Ungt fólk og lýðræði 2015.

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.14.

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>